

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts, Hvaleyrarskóli í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 7. september 2004 breytingu á deiliskipulagi við Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur Hvaleyrarskóla stækkar um 5 m til norðvesturs og jafnframt er gert ráð fyrir byggingarreit sunnan við skólann fyrir færanlegar kennslustofur. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. nóvember 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 229, 1. mars 2004.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness er taki gildi við birtingu:

3. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli	250,00	+	14% vsk
b) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra	41,00	+	14% vsk
c) Vantsgjald fyrir hvern rúmmetra til snjóbræðslu	41,00	+	24,5% vsk
d) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til iðnaðar	41,00	+	24,5% vsk
e) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til sundlauga	19,50	+	14% vsk

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. nóvember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.